

FRAMBOÐ TIL FORMANNS FÉLAGS LÍFEINDA- FRÆÐINGA

Kæru félagar í Félagi lífeindafræðinga.

Hlutverk félagsins eru mörg og mikilvæg, en það að gæta hagsmuna félagsfólks síns á vinnumarkaði tel ég vera það mikilvægasta. Formaðurinn gegnir þar lykilhlutverki og það er hagsmunaaatriði alls félagsfólks að þar sitji einstaklingur sem býr yfir nauðsynlegum hæfileikum, eldmóði og metnaði. Þar tel ég mig koma sterka inn.

Af metnaði hef ég nóg; það sýndi sig meðal annars þegar ég hlaut hvatningarverðlaun félagsins við útskrift úr grunnnámi. Þau verðlaun vöktu mig til umhugsunar um mikilvægi stéttarféлага og síðan þá hefur metnaður minn þróast yfir í það að langa til að gefa til baka til félagsins sem hefur reynst mér svo vel. Í samstarfi við stjórn og annað félagsfólk vil ég leggja metnað í að setja félagi okkar markmið og fylgja þeim markmiðum eftir af eldmóði.

Fyrir þau sem ekki þekkja mig, þá er ég ekki að koma hér beint inn af götunni því ég hef verið virk í nefndar- og stjórnarsetu allt frá því að ég hafði aukaaðild að félaginu sem nemi.

Í núverandi starfi hef ég unnið að úrbótum m.a. varðandi öryggismál og hef nýtt straumlinustjórnun til að hagræða vinnuferlum með skilvirkni að leiðarljósi. Ég hef unnið að rannsóknum í samstarfi við ýmsa sérfræðinga, jafnt hér heima sem erlendis, og átt við þá góð og árangursrík samskipti. Þessi reynsla mín, tengslanet og jákvæðni, tel ég að muni nýtast mér vel í starfi formanns Félags lífeindafræðinga. Eins og Fran Drescher sagði í framboði sínu til formanns SAG-AFTRA, bandarísku fagfélagi listafólks í sjón- og útvarpi:

**„Það sem ég veit ekki, get ég lært.
Það sem ég veit, fæst ekki kennt.“**

Ég býð mig fram af einlægni og áhuga til formennsku í Félagi lífeindafræðinga og lofa að leggja mig alla fram í þessu hlutverki.

Kær kveðja,

Eva Hauksdóttir